

KYNFÆRAVÖRTUR (CONDYLOMA ACUMINATA) Á MEÐGÖNGU

ICD 10 greining:

A63.0 Anogenital vörtur

Kynfæravörtur eru af völdum HPV veirum sem eru aðrar en þær sem geta leitt til frumubreytinga á leghálsi. Fyrri saga um kynfæravörtur og sem eru löngu horfnar skipta ekki máli fyrir meðgöngu konunnar. Kynfæravörtur eru litlir separ sem koma á spöng og við leggangaop en geta einnig verið í leggöngum eða á leghálsi. Þær geta valdið kláða, sviða og ýmsum óþægindum m.a. við samfarir.

Skoðun er mikilvæg til að fá rétta greiningu. Þjóða ætti rannsókn fyrir öðrum kynsjúkdómum eins og Klamydiu og lekanda.

Meðferð er metin í hverju tilviki fyrir sig og mælt með ráðgjöf hjá heimilislækni eða fæðingalækni.

Meginreglan er sú að vörtur eru ekki meðhöndlaðar á hefðbundinn hátt á meðgöngu því meðganga er frábending fyrir vörtueitri/podofyllin meðferð. Meðferð getur falist í því að klippa vörturnar af, frysta eða eyða með laser í staðdeygingu. Ef konan vill losna við vörturnar er henni vísað til kvensjúkdómalæknis eða húð- og kynsjúkdómalæknis á stofu.

Smithætta frá móður til barns er mjög lítil. Vörtur á kynfærum hafa yfirleitt ekki áhrif á gang meðgöngu eða ákvörðun um fæðingarmáta.

Ef ekkert er aðhafst hverfa vörturnar oftast eftir fæðingu á 3-6 mánuðum.